



Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps

10. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps haldinn í Þróunarsetrinu Höfðagötu 5 á Hólmavík þann 5.mars klukan 14:00.

Mættir: Andrea Björnsdóttir(Reykhólahreppi), Bryndís Sveinsdóttir (Strandabyggð), Guðbrandur Sverrisson(í forföllum Jennýjar Jensdóttur, Kaldrananeshreppi), Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir (Strandabyggð), Hrefna Þorvaldsdóttir í síma, (Árneshreppi).

Hildur Jakobína Gísladóttir félagsmálastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar :

1. 15. Fundargerð verkefnahóps um málefni fatlaðs fólks lögð fram til kynningar.

Bókun: Fundargerð verkefnahópsins samþykkt

2. Lögð til kynningar tillaga félagsmálastjóra um að taka upp sérstakar húsaleigubætur hjá félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.

Bókun: Nefndarmenn Velferðarnefndar munu kynna sér drög að reglum um sérstakar húsaleigubætur sem verða teknar til umfjöllunar á næsta fundi nefndarinnar í apríl nk.

3. Trúnaðarmál - áfrýjun

Bókun: Niðurstaða skv. bókun fundarins færð í trúnaðarbók.

4. Trúnaðarmál – beiðni um styrk skv. 25.gr.reglna um fjárhagsaðstoð

Bókun: Niðurstaða skv. bókun fundarins færð í trúnaðarbók

5. Tillaga um samstarf vegna sálfræðiþjónustu

Félagsmálastjóri hefur sent inn erindi þess efnis að mikilvægt sé að fá sálfræðiaðstoð fyrir fjölskyldur á svæðið til að sinna meðferðarviðtölum fyrir þá einstaklinga sem kalla á þess konar utanumhald. Félagsmálastjóri telur rétt að kanna hug stjórnanda Heilbrigðisstofnunar Vesturlands til samstarf hvað þennan þátt varðar sem kemur íbúum svæðisins til góðs. Mikilvægt er að kanna útfærslumöguleika á þessari þjónustu á svæðið með eða án þátttöku Heilbrigðisstofnunarinnar á Vesturlandi.

Bókun: Velferðarnefnd styður tillögu félagsmálastjóra um að leita álits Heilbrigðisstofnunar á samstarfi við félagsþjónustuna vegna sálfræðiþjónustu á starfssvæði Velferðarnefndar.

6. Önnur mál – húsnaðismál rædd

Fundi slitið klukkan 15:40